

Miðvikudaginn 27. nóvember 1974.

Nr. 78/1974: **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Guðjóni Júlíussyni

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dó m e n d u r:

**hæstaréttardómaramennir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.**

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Sak-
sóknarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, kvað
upp héraðsdóm.

Eftir uppsögn hins áfrýjaða dóms hefur Rúnar Sigurðsson
lögreglumaður lýst því í eiðvætti, að skýrsla sú, er hann tók af
ákærða í upphafi rannsóknar málsins, sé orðrétt eftir ákærða
höfð. Hafi hún verið lesin fyrir honum og hafi hann staðfest
hana. Vitnið kvað ákærða hafa gengist við því að hafa „fund-
ið óljóst til áfengisáhrifa“, er hann ók bifreið sinni í umrætt
skipti. Þá hefur vitnið Birgir Kjartansson lýst því í eiðfestum
framburði, að hann hafi „séð greinilega“, að ákærði hafi ver-
ið undir áhrifum áfengis, er hann hóf akstur bifreiðarinnar
Y 2766. Kvaðst vitnið hafa ekið á eftir ákærða allt til þess, er
ákærði stöðvaði bifreið sína við hús við götu í Kópavogi, er
heitir Tunguheiði. Vitnið kvaðst hafa fylgst með því, er
ákærði gekk frá bifreiðinni að húsinu, og hafi hann verið
„heldur óöruggur“ í göngulagi. Hann kveðst þá hafa sagt
honum, að hann skyldi bíða, uns lögreglan kæmi.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi ekið
bifreið undir áhrifum áfengis hinn 20. júlí 1973, og varðar
atferli hans við 2., sbr. 3. málsg. 25. gr., shr. 80. gr. umferð-
arlagar nr. 40/1968 og 1. málsg. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengis-
lagar nr. 82/1969.

Hinn 10. mars 1970 gekkst ákærði undir dómssátt í saka-dómi Kópavogsskaupstaðar og skyldi hlíta 4.000 kr. sekt og 3 mánaða sviptingu ökuleyfis vegna brota á 2., sbr. 3. málsg. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 80. gr. sömu laga, og á 1. málsg. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Tekið var fram í bókun um dómssátt, svo sem boðið er í 1. málsg. 112. gr. laga nr. 82/1961, að hún hefði „ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. l. nr. 19/1940“. Ítrekunaráhrif sáttar-innar voru eigi niður fallin, er ákærði framdi brot það hinn 20. júlí 1973, sem hann er dæmdur sekur um í þessu máli. Með vísan til þessa og 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengis-laga þykir mega staðfesta ákvörðun héraðsdóms um refs-ingu ákærða, en svipta ber hann ævilangt ökuleyfi frá birt-ingu héraðsdóms 24. október 1973 að telja, sbr. 3. málsg. 81. gr. umferðarlaga, 1. málsg. 24. gr. áfengislaga og 3. málsg. 71. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um greiðslu sakarkostn-aðar. Ákærða ber að greiða málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00. Af hálfu ákæruvalds hefur verið fallið frá kröfu á hendur ákærða um greiðslu saksókn-arlauna. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að dæma ákærða til að greiða.

D ó m s o r ð :

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Guð-jóns Júlíussonar, svo og um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu hér-aðsdóms, hinn 24. október 1973, að telja.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar annan en saksóknarlaun. Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hafsteins Bald-vinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 24. október 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af saksóknara ríkisins með ákæruskjali, útgefnu 20. september 1973, á hendur Guðjóni Júlíussyni pípuلاغningamanni, Tunguheiði 12, Kópavogi, fæddum 1. október 1925 í Reykjavík, fyrir að aka aðfaranótt föstudagsins 20. júlí 1973 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Y 2766 frá veitingastaðnum að Lækjarteigi 2 í Reykjavík heim til sín.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku- leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Vitnið Birgir Kjartansson, til heimilis að Langholtsvegi 165 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá hjá rannsóknarlögreglunni í Kópavogi, að um klukkan 0100 aðfaranótt 20. júlí s.l. hafi það verið statt í bíl sínum, R 947, á Borgartúni á móts við veitingahúsið Klúbbinn. Þá veitti vitnið m. a. athygli þremur mönnum, sem gengu frá veitingahúsinu, og voru þeir allir greinilega undir áhrifum áfengis. Veitti vitnið því þá athygli, að einn þessara manna settist inn í bifreið, sem þarna var, gangsetti hana og ók af stað. Kveðst vitnið þá hafa kallað í Gufunes í gegnum talstöð, sem í bifreið þess var, og látið lögregluna vita um ferðir þessarar bifreiðar, sem bar skrásetningarnúmerið Y 2766. Fylgdi vitnið bifreiðinni eftir, og óku þeir að sögn vitnisins vestur Borgartún, upp Höfðatún, Kringlumýrarbraut, austur Miklubraut, suður Grensásveg, austur Sogaveg eftir Bústaðaveginum og í áttina að Breiðholti, beygðu síðan inn á Smiðjuveginn og vestur Nýbýlaveg og fóru að götu, sem heitir Tunguheiði. Þar kveður vitnið manninn hafa stöðvað bifreiðina og farið út úr henni. Kallaði vitnið að sögn þess í manninn og sagði honum, að hann skyldi bíða eftir lögreglunni, sem væri að koma. Vitnið kveðst svo ekki hafa viljað skipta sér meira af þessu og hafa farið, áður en lögreglan kom. Vitnið kveður, að ekki hafi farið á milli mála, að maðurinn hafi verið undir áhrifum áfengis.

Rúnar Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður segir í skýrslu sinni frá 20. júlí s.l., að alla nóttina eftir það, sem að framan er sagt, hafi verið reynt að hafa samband við ákærða í máli þessu, en aldrei hafi verið svarað, hvorki í síma né þótt knúð væri dyra,

fyrir en klukkan rúmlega 0800 um morguninn. Þá var ákærði færður á lögreglustöðina til skýrslutöku, þar sem hann gerði grein fyrir ferðalagi sínu á bifreiðinni.

Ákærði kvaðst hafa farið að horfa á knattspyrnulandsleik, sem fram fór á Laugardalsvellið fimmtudagskvöldið 19. júlí. Að honum loknum kveðst hann hafa átt erindi vestur á Grenimel, en að því loknu hafi leið sín legið að veitingahúsinu Klúbbnum að Lækjarteigi 2. Telur ákærði, að klukkan hafi verið nálægt 2300, er hann var kominn inn í Klúbbinn. Kveðst hann hafa dvalið þarna, þar til dansleik lauk um klukkan 0100, og á fyrrgreindum tíma drukkið sjálfur rúmlega tvo tvöfalda sjússa af ákavítisblöndu. Eftir að dansleiknum lauk, fannst ákærða hann ekki finna það mikið á sér, að honum fyndist hann ekki geta ekið heim. Kveðst hann því hafa farið að bifreiðinni og gangsett hana og ekið heim til sín að Tunguheiði 12. Ákærði kveðst minnst þess að hafa átt orðaskipti við einhvern mann, sem komið hafi akandi á eftir sér að heimili sínu. Ákærði kveðst ekki hafa áttað sig á, hvað maðurinn var að meina, og hafi hann því farið beint inn til sín. Ákærði kveðst hafa áttað sig og verið alveg að sofna, þegar bankað var á útidyrnar hjá honum, en hann hafi af einhverjum ástæðum ekki farið til dyra og ekki dottið í hug, að þarna gæti lögreglan verið á ferð. Ákærði kvaðst aldrei hafa heyrt símahringingu um nóttina fyrir en um morguninn, og var þá lögregluvarðstjóri í símanum.

Lögreglan lét þess getið, að ekki hefði verið tekið blóðsýni úr ákærða, þar sem ekki hefði náðst í hann fyrir en um morguninn.

Ákærði kom fyrir sakadóm Kópavogs 20. júlí s.l. og gefur skýrslu, sem í öllum aðalatriðum er samhljóða rannsóknarlögregluskýrslunni og áður er rakin. Hann viðurkennir að hafa drukkið rúmlega tvo tvöfalda sjússa af ákavítisblöndu í Klúbbnum á tímabilinu frá ca. klukkan 2300 til klukkan 0100. Hann kveðst einnig hafa fundið til einhverra áfengisáhrifa við aksturinn, en þó það lítið, að honum þótti sér vera óhætt að aka. Ákærði kveðst hafa ekið Borgartúnið, eftir Reykjavegi, Suðurlandsbraut, Sogavegi og inn á Elliðaárveg, eftir Smiðjuvegi, Nýbýlavegi og heim til sín að Tunguheiði.

Með játningu ákærða og framburði vitnis telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali og þar er réttilega heimfært til refsíákvæða.

Ákærði hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- 1953 13/11 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 27. gr. áfengislaga.
- 1958 27/4 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 4., 5. og 37. gr. umferðarlaga.
- 1970 10/3 í Kópavogi: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 10. mars 1970.
- 1971 8/2 í Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á reglugerð um stöðumæla.

Með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuréttindum í 15 mánuði frá 24. október 1973 að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Júlíusson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 15 mánuði frá deginum í dag að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.